




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Klettaborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
3	Greinargerð verkefnastjóra Menntastefnuverkefnisins Nú er úti veður.....	6
4	Innra mat deilda	7
	Arnarklettur	7
	Hrafnaklettur	9
	Kríuklettur.....	11
	Fálkaklettur.....	13
	Innra mat sérkennslu.....	15
	Innra mat – fjöltyngd börn	16
5	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
6	Fundir starfsmanna	17
7	Foreldrasamvinna.....	18
8	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	19
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
10	Skóladagatal	21
11	Matsáætlun – gátlisti – 2021-2022.....	22
12	Umsögn foreldraráðs.....	23





Leiðarljós leikskólans Klettaborgar

Gleði – virðing – öryggi - frjótt og skapandi málumhverfi

1 Greinargerð leikskólastjóra

Að horfa til baka öðru sinni þar sem við höfum gengið í gegnum vetur sem engu er líkur, Kórónuveiran hefur verið yfir og allt um kring og haft sín áhrif á umhverfið okkar eins og annarra þegna heimsins.

Starfið hefur í heild gengið mjög vel og er það að þakka öflugum og jákvæðum starfsmönnum og foreldrum, samvinnan hefur verið einstök, einkennst af skilningi, góðvild og gleði.

Ytra mat var gert á skólaárinu annars vegar starfsmannakönnun, hins vegar foreldrakönnun og erum við mjög stolt og ánægð með niðurstöðurnar sem verða skoðaðar nánar á skipulagsdegi í september.

Innra mat var framkvæmt – unnið eftir starfsáætlun og umbótaáætlun síðasta árs. Yfirferð á skipulagsdögum og deildarfundum. Umbótaáætlanir liggja fyrir. (sjá deildarsíður)

Verkefnið okkar Nú er úti veður... hefur gengið mjög vel bæði hefur safnast efniviður og starfsfólk hefur haft tök á að ræða vinnuna einnig var fengið gott námskeið sem alltaf er hressandi, menntandi og gefandi. Útikennslan heldur áfram og verður fest frekar í sessi í skólastarfinu. Kristjana Jóhannsdóttir leikskólakennari á Hrafnakletti hefur verið verkefnastjóri. (Sjá greinargerð verkefnastjóra aftar í starfsáætluninni)

Foreldrafélagið hefur að venju verið okkur innan handar með fasta liði eins og jólasveininn á jólaballið og leiksýninguna á sumarhátíðinni sem voru eins og ávallt mjög skemmtilegar upptakur.

Foreldrafélagið efndi svo til sveitaferðar á laugardegi í lok maí, hún var vel sótt og veðrið lék við þau sem heldur betur jók gleðina í ferðinni. Við þökkum foreldrum gott samstarf bæði í formi skemmtana sem og í daglegum samskiptum.

Starfsmenn verða að mestu þeir sömu og hafa verið undanfarin ár þó fáeinir undantekningar, þar ber helst að nefna að deildarstjóri á Krúkkletti lætur af störfum eftir þrettán ár, leikskólakennari sem hóf störf um síðustu áramót (afleysing tímabundið) kveður. Afleysingafólkið okkar mun halda áfram á næsta skólaári í mismunandi hlutföllum með sínu Háskólanámi. Það er kærkomið að hafa okkar góða fólk sem stundar nám í Háskólum borgarinnar til að rétta af hlutföll starfsmanna sem nú eiga fleiri undirbúningstíma og vinnustyttingin hefur einnig áhrif á hlutföll hjá öllum.

Við horfum björtum augum til framtíðar sem vonandi mun færa okkur heilbrigði, gleði og vináttu. Metnaður mun einkenna næsta starfsár, haldið áfram að gera gott leikskólastarf enn betra.

Í skóladagatalinu er gert ráð fyrir foreldrafundi í haust þar munum við kynna foreldrafélagið og foreldraráð og óska eftir / kjósa nýja foreldra í stjórn og ráð með þeim sem vilja halda áfram.

Við hlökkum til að takast á við ný og spennandi verkefni á nýja skólaárinu.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Endurmat var framkvæmt á öllum deildum í febrúar, apríl og í maí á skipulagsdögum, deildarfundum og stjórnendafundum.

Á öllum deildum var farið yfir matsáætlun síðasta árs, og framhaldið ákveðið. Mismunandi er eftir deildum hvað telst komið inn og verður ekki tekið fyrir næsta vetur og annað sem verður unnið með áfram og það útfært í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Allt mat fór fram með samtölum þar sem allir starfsmenn tóku þátt um þau verkefni sem áætluð voru og farið yfir umbótaáætlanir úr starfsáætluninni.

Samtal milli allra starfsmanna, skráning á stöðu einstakra mála og hvernig gengið hefur að vinna áætlunina.

Hver og ein deild sýnir útfærslu á mati og matsáætlun fyrir sig. (Sjá síður deildanna)

Ytra mat

Starfsmönnum Reykjavíkurborgar / Klettaborgar. Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar / Klettaborgar.

Niðurstöður starfsmannakönnunarinnar þar sem allir starfsmenn Reykjavíkur tóku þátt hafa verið skoðaðar í stjórnendahópnum, við komum vel út úr henni og munum nota okkur niðurstöðurnar til að gera gott starf betra og vanda okkur við öll samskipti og samvinnu.

Það verður spennandi að hefja næsta skólaár með því að skoða og ígrunda hvern lið vel og vinna áætlun út frá niðurstöðunum.

Helstu þættir sem skoðaðir voru eru: Starfsöryggi – starfsmannastöðuleiki – starfsánægja – starfsandi – hæfilegt vinnuálag – stjórnun – upplýsingaflæði – fræðsla og þjálfun.

Niðurstöður foreldrakönnunarinnar voru mjög ánægjulegar við finnum fyrir trausti og vellíðan foreldra með það að eiga börn í Klettaborg og munum við gera allt sem í okkar valdi stendur til að svo megi verða áfram um alla framtíð, notum niðurstöðurnar til að styðja við vel unnin störf.

Góð þátttaka var í könnuninni sem gerir hana marktæka.

Það sem helst var komið inn á í foreldrakönnuninni eru eftirfarandi þættir: Barnið og starfið – foreldrar og starfið – stefna leikskólans – upplifun af leikskólanum.

Á fyrsta skipulagsdegi í haust verður farið yfir starfsmannakönnunina með mannauðsráðgjafa frá Skóla og frístundasviði. Einnig verður farið yfir foreldrakönnunina og sett upp umbótaáætlun um þá þætti sem við viljum styrkja.



3 Greinargerð verkefnastjóra Menntastefnuverkefnisins Nú er úti veður...

Verkefnið okkar Nú er úti veður... sem er hluti af Menntastefnu Reykjavíkurborgar hélt áfram í vetur.

Markmið verkefnisins er meðal annars:

- Að styrkja starfsfólk til hreyfinga með börnum í útiveru og vera fyrirmyndir í að virkja börnin til leiks og gleði í hvaða veðri sem er.
- Að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu og leikskólans.
- Einnig var lögð áhersla á að viðhalda og festa í sessi verkefni síðasta árs og að starfsmenn nýttu sér þau námsgögn og hugmyndabanka sem orðið hefur til í verkefnavinnunni.

Allir starfsmenn fengu kynningu á menntastefnunni á skipulagsdegi á haust önn og aftur eftir áramót. Deildarnar fengu frjálstar hendur til að framkvæma útikennsluna eftir aldri og áhuga barnanna. Starfsmenn fóru saman í göngu um nærumhverfið og unnu verkefni sem tengdust menntastefnu verkefninu.

Við fengum til okkar kynningu/fræðslu um námsval í útiveru frá leikskólanum Stekkjarási í Hafnarfirði. Gerð voru námsgögn og þau sett fram á aðgengilegan hátt. Verkefnið var tengt við þjóðsöguverkefnið okkar sem unnið er með árlega í leikskólanum. Starfsfólk er orðið meðvitaðra um að bjóða upp á fjölbreytt verkefni í útiveru.

Endurmat

Allar deildir fylltu út gátlista um heilbrigði í október og svo aftur í apríl. Tekið var stöðumat á verkefninu í desember. Þar sem allar deildir sendu frá sér yfirlit um það sem hafði verið gert.

Verkefnið var metið af börnunum m.a. með demantaaðferð þar sem börnin voru spurð hvernig þeim fannst í einstaka ferðum.

Hópsamtöl með börnum.

Verkefnið var rætt meðal starfsfólks á deildarfundum og á skipulagsdögum.

Myndaskráning í möppu. Myndir á heimasíðu.

Ávinningur fyrir börnin er að þau kynnast nærumhverfi sínu betur með aukinni útiveru og verkefnum á nýjum vettvangi. Útikennsla kassar nýtast vel í starfinu, eru aðgengilegir og allir starfsmenn eflast í útikennslu.

Áfram veginn – Nú er úti veður

Verkefnið heldur áfram næsta vetur þar sem við byggjum ofan á fyrra starf og tökum inn nýja þætti s.s ræktun, flokkun og umhverfismennt. Í vor fengum við foreldri með okkur í lið sem gerði fyrir okkur þrjá gróðurkassa sem við erum byrjuð að rækta grænmeti í m.a. kartöflur, radísur, rófur, gulrætur, graslauk og rabarbara. Börnin tóku þátt í öllu ferlinu og bíða spennt eftir uppskerunni.

Kristjana Jóhannsdóttir

Verkefnastjóri



4 Innra mat deilda

Arnarklettur

Starfið á Arnarkletti gekk vel í vetur og voru verkefnin fjölbreytt og skemmtileg. Vissulega þurftum við að aðlaga okkur að ástandinu sem skapaðist vegna kórónuveirunnar og sum verkefni féllu niður en heilt yfir gekk starfið vel.

Við höldum uppteknum hætti með læsi innan deildarinnar enda skipar það stóran sess í starfinu. Við lukum m.a. við bókina Lubbi finnur málbein, unnum með sögugrunninn, vorum með þulu mánaðarins, lestrarhóparnir voru á sínum stað, við spiluðum ýmskonar spil og unnum með Hljóðkerfisvitundarverkefni. Árangurinn af þessari vinnu er mjög sýnilegur enda hafa börnin sýnt verkefnunum mikinn áhuga. Flest börnin eru farin að kunna að skrifa nafnið sitt án fyrirmyndar, þau eru farin að þekkja meirihlutann af málhljóðunum og fara með flóknar þulur sem við höfum lært í vetur. Þau hlusta á sögur af athygli og biðja reglulega um að lesið sé fyrir þau.

„Nú er úti veður“ sem er hluti af Menntastefnuverkefni leikskólans hélt áfram í vetur og tengdum við verkefnið m.a. við söguna um hana Gýpu sem er þjóðsaga vetrarins. Lögð var áhersla á fjölbreytta hreyfingu og fórum við m.a. í gönguferðir um nærumhverfið auk þess að vinna ýmskonar verkefni innan leikskólalóðarinnar. Verkefnin voru af ýmsum toga og voru þau skráð í formi mynda og þeim safnað í „Nú er úti veður“ möppu inni á deild, börnin höfðu aðgang að henni til að skoða og rifja upp.

Vináttuverkefni barnaheilla var á sínum stað og er bangsinn Blær orðinn hluti af starfinu. Í svokölluðum Blæstundum var m.a. unnið með forvarnarverkefni gegn einelti í formi klípusagna, umræðna og slökunarstunda. Börnin ásamt kennurunum nýttu sér efnið og þá þekkingu sem þau höfðu öðlast í vetur m.a. til að leysa úr ágreiningi og koma í veg fyrir að einhver yrði skilin útundan. Börnin eru orðin færari í að tjá tilfinningar sínar og sýna hvort öðru samkennd og virðingu.

Skapandi starf var áberandi innan deildarinnar í vetur og var lögð áhersla á að þjálf hug og hönd. Verkefnin voru fjölbreytt og fengu börnin að vinna með ýmskonar efnivið og notast við ólík áhöld við vinnuna. Verkefnin voru m.a. tengd við þjóðsöguna, útikennsluna auk annarra verkefna sem deildin tók sér fyrir hendur. Í vor settum við svo upp sýningu þar sem börnin sýndu foreldrum sínum hluta af verkefnum vetrarins.

Þeir þættir sem voru settir í umbótaáætlun fyrir veturinn gengu misvel og fara tvö af þeim áfram í umbætur fyrir næsta vetur þ.e. Gefðu 10 og aukið samstarf milli deilda. Gefðu 10 fór aldrei á flug og samstarfið var flókið í framkvæmd vegna kórónuveirunnar. Einstaklingsáætlun gekk ágætlega og skiluðu flestir foreldrar inn í samvinnu við barnið markmiðum til að vinna með fyrir veturinn. Við höldum að sjálfsgöðu áfram með þessa vinnu því samstarf við foreldra er lykill að góðu leikskólastarfi.

Barnahópurinn verður að mestu hinn sami næsta vetur. Nokkur hafa hætt og önnur ný bæst í hópinn. Við munum leggja af stað inn í veturinn með svipuð verkefni og síðastliðið ár og er markmiðið að byggja ofan á þá þekkingu sem við höfum öðlast og bæta við nýrri reynslu. Við munum víkka út verkefnið „Nú er úti veður“ og munum m.a. leggja áherslu á umhverfispætti, ræktun og flokkun.



Innra mat Arnarklettur

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Efla málþroska og auka samskipti milli kennara og barns.	Unnið með málþáttinn úr TRAS og þætti úr Hljóm-2	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Haut'21	Vor'22	Skráningar umræðumat deildarfundis og apríl'22	Niðurstöður úr TRAS og Hljóm-2.
Aukið samstarf milli deilda	Að börnin fá tækifæri til að kynnst börnum og starfsfólki af öðrum deildum	Bjóða í vali upp á heimsóknir milli deilda	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Haut'21	Vor'22	Skráningar umræðumat deildarfundis og apríl'22	Að allir hafi fengið að fara í heimsókn á aðra deild a.m.k. einu sinni á hvorri önn.



Hrafnaklettur

Starf deildarinnar þennan vetur var fjölbreytt og fræðandi og náðist að klára flest þau verkefni sem áætluð voru en covid setti strik í reikninginn með verkefni eins og heimsóknir milli yngri deilda sem ákveðið var að sleppa.

Fastir þættir í starfinu eins og þulur, lestur, vinnustundir og söngur gengu vel og var mikil ánægja með Menntastefnu verkefni leikskólans Nú er úti veður... sem snýr að útinámi barna. Frá sumri 2020 til desembermánaðar náði deildin að fara í 28 gönguferðir þar sem verkefni voru af ýmsum toga. Leikskólinn á nú safn af útikennsluboxum með hugmyndum að verkefnum í útikennslu og var það hvetjandi fyrir starfsfólk og veitti visst öryggi. Öll útikennsla var myndaskráð og sett í möppu á deildinni fyrir börnin að skoða og á heimasíðu leikskólans fyrir foreldra og aðstandendur.

Einn þáttur umbótaáætlunar var að tengja lestur bóka sem skráður er í lestarorm við litamánuði leikskólans. Þetta var gert og náðist sett markmið sem var a.m.k. 15 lesnar bækur í hverjum mánuði skráðar. Fjöldi bóka sem lesnar voru í samveru og hvíldartíma frá 1.september til 25.maí voru 371 bók. Í janúar voru foreldrar beðnir um að taka þátt í lestrarátaki með okkur og komu börnin með skráningar af lestri að heiman. Á 2 vikna tímabili voru yfir 100 skráðar bækur í heimalestri og voru börnin mjög áhugasöm um skráninguna (lestarhringi) sem var sýnileg þeim fyrir framan deildina.

Fjögur tvítyngd börn voru þennan vetur á deildinni og var aðferðin Gefðu 10 notuð með þeim. Við settum upp tvö tímabil. 4.janúar – 26.febrúar og 12.apríl – 21.maí þar sem starfsfólk deildarinnar gaf hverju barni 10 mínútur á dag og skráði niður í hvaða aðstæðum það var. Vináttuverkefni Barnaheilla sem byrjaði haustið 2018 í leikskólanum hefur gengið vel og voru skipulagðar Blæ-stundir einu sinni í viku á deildinni og námsefninu sem fylgir verkefninu skipt niður á vikurnar. Þannig náðist að fara yfir vítt svið vináttunnar og stundirnar fjölbreyttar s.s. söngur, umræður, lestur og nudd.

Tras listinn var fylltur út fyrir öll börn deildarinnar að hausti og aftur að vori. Í september og október var börnum deildarinnar skipt niður í 4 hópa (4-5 börn í hóp) sem hittust vikulega. Hvert barn náði 4 skiptum þar sem áhersla var lögð á verkefni tengd Tras. Unnið með spil, lestur, umræður, leiki og fleira þar sem starfsfólk gat áttað sig á og skráð getu barna í ákveðnum þáttum, t.d. rími, framburði, afstæðuhugtökum o.s.frv. Nýttust þessar skráningar leikskólakennurum deildarinnar vel við útfyllingu listans.

Gýpa var þjóðsaga vetrarins í leikskólanum. Verkefnin voru af ýmsum toga og náðist skemmtileg tenging við söguna í útináminu þar sem börnin voru mjög vakandi fyrir umhverfinu og sáu Gýpu, refi og ísbirni í nærumhverfi leikskólans.

Deildin prufaði sig áfram með mat barna á starfi leikskólans og fer þessi þáttur í umbætur fyrir næsta vetur.



Innra mat Hrafnakletts

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mat barna á starfi deildarinnar	Að börnin meti þætti í deildarinnar	Notast er við einfalda skráningu, broskarl og fýldan karl sem bent er á	Starfsfólk deildarinnar	Október 2021	Maí 2022	Skráningar starfsfólks á svörum barnanna	Að hvert barn eigi 2 skráningar um mat á starfi
Betri nýting svæða í húsinu	Nýta betur svæði leikskólans utan deildar, s.s. Glym og Listaskála	Fara með barnahópa út af deild milli 8.30/9 og 9.30 og frá 15.30-16.30	Starfsfólk deildarinnar	Septem ber 2021	Maí 2022	Skrá svæðin á starfsfólk deildarinnar í dagsskipulagi og hvaða börn fóru	Að fækka börnum á deildinni hluta úr degi og nýta húsið/svæði betur. Minnka hávaða á deild
Heimsóknir milli yngri deilda	Auka samvinnu og tengsl barna og starfsmanna.	Heimsóknardagur 1 sinni í viku. Starfsmaður fer með. Mánudagsmorgnari.	Starfsfólk deildar	Október 2021	Maí 2021	Skráningarblað. Janúar og maí 2022	Börnin læri að þekkja leikskólann, kynnist starfsfólki og börnum af öðrum deildum og verði öruggari í aðstæðum.



Kríuklettur

Starf deildarinnar gekk í heildina vel síðastliðinn vetur en óneitanlega settu takmarkanir vegna covid svið sinn á vetrarstarfið og þurftum við að aðlaga starf og foreldrasamskipti eftir takmörkunum hverju sinni. Foreldraviðtölin fyrir áramót voru símaviðtöl en hægt var að bjóða foreldrum inn í leikskólann í vorviðtöl.

Heimsóknardagar á milli Kríukletts og Hrafnakletts féllu niður þar sem blöndun hópa var ekki leyfileg meiri hluta vetrar. Þessi þáttur fer því aftur í umbætur.

Læsi í viðum skilningi er mikilvægt í starfi deildarinnar, unnið er með eina þulu mánaðarlega sem börnin myndskreyta og safna saman í þulubók. Við höfum skráð þær bækur sem lesnar eru í samverustundum á hringlaga blöð sem mynda smátt og smátt lestrarorm. Í vetur tengdum við leshringina við litamánuði leikskólans. Lestur var fastur liður í samverustundum en skráningin hefði mátt vera markvissari. Okkur langar að fá foreldra í lið með okkur og skrá lestur heima yfir ákveðið tímabil eftir áramót. Þessi þáttur fer í umbætur.

Í haustviðtölunum voru markmið barnanna fyrir veturinn skráð á blað sem síðan fór í ferilmöppu hvers barns, fylgst með framförum og merkt við þegar markmiði var náð.

Gefðu 10 er einföld aðferð til að auka samræðu og samskipti við fjölmörg börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. Byrja átti á skráningum síðasta haust en það dróst fram yfir áramót. Þar sem mikilvægt er að eiga ríkuleg samskipti við öll börn og sérstaklega þau sem eru að tileinka sér nýtt tungumál fer þessi þáttur í umbætur. TRAS listinn sem er skráningaraðferð til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna var fylltur út fyrir haustviðtöl og áætlun gerð um íhlutun fyrir hvert barn. Listinn var fylltur út aftur fyrir vorviðtölin og framfarir metnar.

Vináttuverkefni Barnaheilla gegn einelti, var reglulega viðfangsefni í samverustundum og tóku börnin bangsann Blæ með í stundirnar. Þar var m.a. unnið með tilfinningar, nudd, tónlist og að setja öðrum mörk.

Útikennsluverkefnið Nú er úti veður... sem unnið er út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar gekk mjög vel. Í vinnustundum fór hver hópur einu sinni í viku í gönguferð/útikennslu, oftast í samvinnu við Hrafnaklett. Mikið er orðið til af kennsluefni til að nýta sér í ferðunum sem hægt er að taka með. Í vor voru settir gróðurkassar í garðinn þar sem er verið að rækta, kartöflur, radísur og fleira. Myndaskráning var gerð á viðfangsefnum útikennslunnar sem var aðgengileg á deildinni. Skemmtilegt verkefni sem hefur fest sig í sessi.



Innra mat Krúkledds

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Heimsóknardagur milli yngri deilda.	Auka samvinnu og tengsl barna og starfsmanna.	Heimsóknardagur 1 sinni í viku. Starfsmaður fer með. Mánudagsmorgnarn.	Starfsmenn deildar.	Okt. 21	Maí 22	Skráningar blað. Janúar '22 og maí '22	Börnin læri að þekkja leikskólann, kynnist starfsfólki og börnum á öðrum deildum og verði öruggari aðstæður.
Lestrarormur á deildum	Tengja lestur/lestrarorm við litamánuði. Fjöldi bóka verður sýnilegur börnum með orminum. Einn bókatitill á hvern hring. Samstarf við foreldra/forráðamenn	Bækur sem eru lesnar eru í samverustund eftir nónhressingu skráðar á viðeigandi litahring t.d. grænan fyrir september.	Starfsmenn deildar.	Sept 21	Maí 22	Fara yfir skráningar blöð á deildarfundum.	Að lesnar séu a.m.k. 15 bækur í hverjum litamánuði. Foreldrar taki þátt og skili lestrarhringjum yfir ákveðið tímabil.
Gefðu 10.	Að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál.	Að gefðu 10 aðferðin sé notuð með öllum fjöltyngdum börnum deildarinnar.	Starfsmenn deildar.	Jan 22	Maí 22	Fara yfir skráningar blöð á deildarfundum	Að sjá framfarir í málþroska fjöltyngdu barnanna eftir að allir starfsmenn hafa gefið barninu jákvæð málörvandi samskipti í leik og starfi.



Fálkaklettur

Haustið fór vel af stað á Fálkakletti það var lítil um aðlögun barna þar sem sami barnahópurinn, börn fædd 2015, héldu áfram hjá okkur aðeins fá bættust í hópinn.

Við kveðjum nú þennan árgang. Á næsta skólaári verða flest börn í árgangi 2017 og nokkur 2018.

Ýmis verkefni voru unnin með elstu börnunum og náðum við að fara í margar ferðir þrátt fyrir Covid.

Við fórum í Grasagarðinn, Húsdýragarðinn, Bókasafnið, Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Unnin voru verkefni eftir hverja ferð til á festa hana betur í minni.

Helstu verkefni sem unnin voru í hópum voru útikennsla, sögugrunnur og vináttuverkefnið Blær. Einnig var flæði í nokkrum námsgreinum svo sem listsköpun, Lubbastundir og í tengslum við þjóðsöguna. Haldið var utan um það með skráningum.

Að vinna með læsi í hefðbundnum skilningi gekk vel hjá okkur síðasta vetur. Við unnum með Lubbi finnur málbein þar sem börnin læra máhljóðin, lesnar eru sögur tengdar hljóðunum og verkefni unnin út frá því. Unnið var með Sögugrunninn og markvisst æfð framsögn í því verkefni.

Öll börn lærðu þulu í hverjum mánuði sem settar voru í bók. Þau lærðu mörg ný orð og orðatiltæki sem var skemmtilegt. Skemmtilegasta þulan að mati barnanna var svo flutt á útskriftahátíðinni í vor.

Áfram verður unnið með þessa þætti næsta vetur með nýja barnahópnum. Í umbótaáætlun verður lögð rík áhersla á málörvun allra barna í gegnum spil, lestur og almenna málörvun.

Við unnum með sjálfstæði og lýðræði með börnunum og við teljum að þau markmið sem sett voru hafi tekist vel, verkefni á þeirra forsendum þar sem þau stjórna og hafa meiri áhrif.

Börnin settu sér markmið með foreldrum sínum í haust og var unnið með þau í vetur. Öll börnin náðu markmiðum sínum sem fóru myndrænt inn í ferilmöppuna þeirra. Unnið verður áfram með þetta verkefni næsta vetur með nýjum hóp.

Í umbótaáætlun ætluðum við að vinna með Gefðu 10 og auka markvisst samtal og samskipti við börnin. Ekki var markvisst unnið með skráningar. Það fer í næstu umbótaáætlun.

Við ætluðum að auka samstarf milli deilda, heimsóknir verða fastir liðir í skipulagi. Sjá umbótaáætlun

Nú er úti veður... sem er hluti af Menntastefnuverkefni leikskólans hélt áfram í vetur og voru farnar margar og skemmtilegar ferðir í nánasta umhverfi leikskólans. Myndrænar skráningar voru gerðar eftir hverja ferð og í vor gerðu börnin mat á ferðunum með Demantaaðferðinni. Við höldum áfram með útikennsluna og leggjum einnig áherslu á ræktun og flokkun til endurvinnslu.

Vináttuverkefni Barnaheilla, Blær, er orðið fast í sessi hjá okkur og hafa þau lært margt með þeirri vinnu sem eflir samskiptahæfni og tilfinningaþroska barna.

Þjóðsagan er orðinn fastur liður og í vetur var unnið með söguna um Gýpu. Fjörbreytt verkefni unnin út frá Gýpu í listsköpun allt á forsendum barnanna sjálfra.



Innra mat Fálkakletts

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10 Aukin málörvun	Efla málþroska og auka samskipti milli kennara og barns.	Vinna markvisst með aðferðinni gefðu 10. Vinna með spil, lestur og verkefni úr TRAS sem auka málþroskann	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Haut'21	Vor'22	Skráningar umræðumat á deildarfundi nóv'21 og apríl'22 Skráningar umræðumat á deildarfundi nóv'21 og apríl'22	Að allir kennarar eigi í samskiptum við öll börn deildarinnar
Aukið samstarf milli deilda	Að börnin fái tækifæri til að kynnst börnum og starfsfólki af öðrum deildum	Bjóða í vali upp á heimsóknir milli deilda	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Haut'21	Vor'22	Skráningar umræðumat á deildarfundi nóv'21 og apríl'22	Að allir hafi fengið að fara í heimsókn á aðra deild a.m.k. einu sinni á hvorri önn.
Mat barna á verkefnum / viðburðum/ ferðum deildarinnar	Að börnin meti þætti í starfi deildarinnar	Nota myndrænt mat og skráningu eftir ákveðin verkefni	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Haut'21	Vor'22	Skráningar umræðumat á deildarfundi nóv'21 og apríl'22	Að hvert barn eigi 2 skráningar í ferilmöppu eftir veturinn



Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Námskrá var gerð með þeim börnum sem voru með stuðning. Unnið var markvíst inn á deildum og í einstaklingsþjálfun út frá námskrá. Metin er svo árangur út frá AEPS sem er yfirfarinn á ca 3 mánaða tímabili.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, HLJÓM-2, Smábarna listinn, Íslenski Þroskalistinn og EFI-2
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Smáforrit í snjall tæki, gögn sem til eru í leikskólanum

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun							
Umhverfi til málörvunar	Skapa betri aðstæður og gefa meiri tíma í markvissa málörvun bæði á deildum og í smærri hópum. Umhverfið bætt og aðlagð að málörvunarstundum	Setja inn fasta tíma í samráði við deildarstjóra	Sérkennslustjóri Leikskólastjóri Deildarstjórar	Haut 2021	Vor 2022	Samráð sérkennslustjóra við deildarstjóra og leikskólastjóra	Skráning á öllum stundum, kannanir frá MML. Unnið með niðurstöður.



Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Því fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Kaup á námsefni.
Markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10.	Unnið hefur verið með Gefðu 10 á flestum deildum og markviss málörvun á deild. Einnig hefur samskiptabók fylgt hverju barni milli heimilis og skóla.
Markvisst er verið að dýpka orðaforða barnanna. Les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna.	Litlir leshópar þar sem lesin er bók eða farið með þulur.
Fylgst er með framförum fjöltyngdra barna í íslensku. Matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað	Í vetur hefur árangur verið metinn hjá elstu börnunum með HLJÓM-2 og TRAS á yngri deildunum.
Hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna. Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Markvist er unnið með alla þætti máls t.d. með því að nota Gefðu 10, í litlum málörvunarhópum og leshópum. Í samverustundum og í þeim verkefnum sem leikskólinn er að vinna með t.d. Blær/verkefni, Lubbi finnur málbein o.fl.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mat á framförum							
	Matstæki AEPS markvist.	Deildarstjórar og ábyrgðarmaður fjöltyngdra barna komi sér upp aðferð út frá niðurstöðum AEPS.	Sérkennslustjóri, ábyrgðarmaður fjöltyngdra barna og deildarstjórar	Haut 2021	Vor 2022	Samráð við viðkomandi aðila sem koma að kennslu og Miðstöð máls og læsis.	Skráning og matslistar frá MML.



5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmannasamtölin á þessu ári voru einstaklingsmiðuð svokölluð snerpusamtöl það sem hver og einn starfsmaður ræddi eigin líðan og óskir við leikskólastjóra. Viðtölin gáfu góða raun og er ætlunin að reyna að koma álíka viðtölum við tvisvar á næsta vetri ræða um líðan, feril og fræðsluáhuga hvers og eins. Við munum einnig ræða um fyrirhugaða náms og kynnisferð og skoða hvað verður í boði og undirbúa okkur fyrir þau verkefni sem okkur standur til boða þar.

Á næsta ári verður stefnt að eftirfarandi námskeiðum/fræðslu – ýmist fyrir allan hópinn, einstaklinga eða deildir og það sem ekki náðist að klára á liðnu skólaári verður í áætlun þessa árs.

- Námskeið – Verndarar barna – Barnaheill (gekk ekki upp vegna Covid síðasta vetur)
- Námsferð erlendis vorið '22 Ferðinni var frestað 2021 verður vonandi farin í maí 2022

Að auki er tekið til greina áhugasvið og þarfir kennara og annarra starfsmanna til að styrkja sig í starfi og verkefnum með börnunum. Mörg náms- og fræðslutilboð koma með haustinu og þá geta starfsmenn komið með óskir um að sækja sér fræðslu.

6 Fundir starfsmanna

Deildastjórafundir alla mánudaga kl. 9.00-10.30. Deildastjórafundir sitja deildastjórar og leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri einn mánudag í mánuði.

Deildarfundir eru tvisvar í mánuði fyrir hverja deild á föstudögum kl. 10.00 -10.45. Til viðbótar við deildarstarfsmenn mæta verkefnastjórar og sérkennslustjóri eftir þörfum.

Fundir hjá leikskólastjóra með leikskólakennurum, sérkennslustjóra, verkefnastjórum, leikskólaliðum og leiðbeinendum sem eru með sérverkefni verða haldnir á mánudögum eftir þörfum frá kl. 13.00 - 14.00.

Teymisfundir verða haldnir á þeim vikudögum sem henta hverju teymi fyrir sig og starfi leikskólans en ávallt á tímanum milli 10.00 -11.30.



7 Foreldrasamvinna

Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.

Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti í október. Í ráðinu eru 3 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Helsta hlutverk ráðsins er að gefa umsögn um starfið og starfsáætlunina.

Foreldrafélag, tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt. Kosið er í foreldrafélag á haustfundi foreldra í leikskólanum miðað er við einn fulltrúa frá hverri deild og varamenn. Einn tengiliður frá leikskólanum situr formlega fundi með stjórnarfulltrúum þegar verkefni eru til umfjöllunar sem tengjast hefðum leikskólans og foreldrafélagsins.

Foreldrafundir að hausti í október, auglýstir með góðum fyrirvara. Fundirnir eru að morgni kl. 8.30-9.30 og eru tvær deildir saman á fundi.

Foreldrafundur með foreldrum elstu barnanna í janúar dagsetning verður auglýst með góðum fyrirvara. Það er samstarfsverkefni Hamraskóla og Klettaborgar. Sá fundur er haldinn í Hamraskóla. Frístund er með á þeim fundi.

Foreldraviðtöl eru að hausti og eftir áramót. Deildarstjóri/leikskólakennari sjá um viðtölin og auglýsa tíma með góðum fyrirvara.

Foreldrum með annað tungumál en íslensku er boðið að fá túlk í öll samskipti við leikskólann það eru helst, í fyrsta upplýsingaviðtali þegar barnið byrjar í leikskólanum, í aðlögun 1-2 sinnum á aðlögunartíma, í foreldraviðtölum, foreldrafundum og eftir þörfum. Einnig er fenginn símatúlkur ef þörf er talin á því. Foreldrar fá hljóðskrá til sín þegar vinna með árlega þjóðsögu hefst í leikskólanum, til þess að geta hlustað á söguna með barninu og heyrt hvernig þjóðsagan er á íslensku. Nýtt eru þau tilkynningablað sem hægt er að finna á vef Reykjavíkurborgar undir „Skilaboð frá leikskóla“. Foreldrum er jafnframt bent á þær vefsíður Reykjavíkurborgar sem gætu nýst þeim.

Fylgirit með starfsáætlun er viðburðardagatal þar sem fram koma ýmsir viðburðir ásamt skipulagsdögum og foreldrasamstarfi.

Tölvupóstar með helstu fréttum að deildum eru sendir oftast vikulega og leikskólastjóri sendir tvisvar til þrisvar á önn um starfið í heild og tilkynningar sem mikilvægar eru hverju sinni.



8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskólans við grunnskóla og frístundarmiðstöð hverfisins hefur verið með fjölbreyttum verkefnum yfir veturinn. Dagsetningar eru settar fyrir viðburðina/verkefnin að hausti í samstarfi við deildarstjóra grunnskólans og yfirmann frístundastarfsins. Hér í töflunni er stuðst við þá viðburði og verkefni sem verið hafa undanfarin ár. Í þessu verkefni taka þátt: Deildarstjóri elstu barnanna og kennarar 1. bekkjar í Hamraskóla ásamt skólastjórnendum beggja skólanna. Umsjón með verkefninu hefur Ásta Þorsteinsdóttir deildarstjóri í Klettaborg. Upphafsfundur með deildarstjóra, Ástu og 1. bekkjakennurum, dagsetningar og viðburðir ákveðnir en hér á eftir er áætlun án dagsetninga tekið mið af fyrri árum.

Tímasetning	
September	Elstu börn Klettaborgar koma í heimsókn eftir að skólatíma lýkur hjá 1. bekk. Skólastjórnendur taka á móti þeim og sýna þeim stofuna hjá 1. bekk. Börnin fá tíma til að leika sér og skoða sig um.
Október	Heimsókn í Hamraskóla samsöngur. 1 bekkur Hamraskóla kemur í heimsókn á Klettaborg tvískiptur bekkur.
Nóvember	Nemendur úr 4. bekk lesa fyrir krakkana á Klettaborg í tilefni af Degi íslenskar tungu.
Nóvember	Valtími, heimsókn í Hamraskóla og börnin taka þátt í vali með 1. bekk. 10- 12 leikskólabörn fara í einu
Desember	Heimsókn í Hamraskóla, samsöngur
Janúar	Foreldrafundur í Hamraskóla með leikskólastjóra og skólastjóra Hamraskóla.
Janúar-apríl	Heimsókn í frístund einu sinni í mánuði. Bryngeir umsjónarmaður frístundar og Ásta skipuleggja.
Febrúar	Heimsókn í Hamraskóla. Börnin fara með nesti og taka einnig þátt í frímínútum.
Febrúar	Heimsókn í Hamraskóla, samsöngur
Mars	Valtími í Hamraskóla í val með 1. bekk. ca 10-12 leikskólabörn fara í einu.
Apríl	Samsöngur í Hamraskóla.
Apríl-maí	Vorskóli í Hamraskóla í lok maí fyrir þau börn sem eru skráð í 1. bekk þar haustið 2019 – Ábyrgð foreldra að fara með þau í vorskólann – samstarf milli skóla að sækja þau eftir vorskólann
Maí	Börn Klettaborgar og 1. bekkur hittast á skólalóð Hamraskóla í skipulögðum leikjum

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar	Foreldrafundir
17. sep - Allan daginn 4. okt - Allan daginn 26.nóv - Allan daginn 7. feb - Allan daginn 25. maí - Allan daginn 27. maí - Allan daginn	13. okt - Foreldrafundur yngri barna 14. okt - Foreldrafundur eldri barna Janúar - Fundur v. elstu barna í Hamraskóla. Verður auglýst síðar
Foreldraviðburðir	Foreldraviðtöl
4. nóv - Ömmu og afa kaffi 4. feb - Foreldrar í morgunmat 12. maí - Opið hús Maí - Áfangagleði elstu barna. Verður auglýst síðar	Fálkaklettur 4-8 okt. og 7-11 mars Arnaklettur 11-15 okt og 14-18 mars Hrafnaklettur 18-22 okt og 21-25 mars Kríuklettur 25-29 okt og 28-31 mars
Sérstakir dagar	
10. sept - Höfuðfatadagur 27. okt - Bangsaball/Náttfatadagur 29. okt - Búningadagur 12. nóv - Öðruvísi hárdagur 10. des - Jólasveinahúfudagur 6. jan - Þrettándaball 14. jan - Vasaljósadagur	25. feb - Nestisdagur 3. mars - Öskudagsball 11. mar - Rugldagur 22. apr - Blómaball 20. maí - Dótadagur 1. jún - Afmælis/Sumar hátíð 3. jún - Sólgleraugsdagur



Leikskóladagatal 2021-2022

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ	JÚLÍ
	Grænn mánuður	Blekur mánuður	Brúnn mánuður	Reður mánuður	Hvítur mánuður	Svartur mánuður	Appelsínugulur	Blaí mánuður	Fjóbíabíar mánuður		
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M Fullveldisdagur	1 L	1 Þ	1 Þ Sprengidagur	1 F	1 S	1 M Afmæli Kleiðaborgar	1 F
2 M Fridagur verslunarmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M Öskudagur	2 L	2 M	2 F	2 L
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F Sölgjaraugnadagur	3 S
4 M	4 L	4 M Skipulagsdagur	4 F Ömmu og Alfa kaffi	4 L	4 Þ	4 F Foreldrar í morgunmat	4 F	4 M	4 M	4 L	4 M
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S Hvítasunnudagur	5 Þ
6 F Öpum eftir sumari	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F Bretlándaball	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M Annar í Hvítasunnu	6 M
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M Skipulagsdagur	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 L
10 Þ	10 F Höfuðfátadagur	10 S	10 M	10 F Jólasveina húfudagur	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F Rugldagur	11 M	11 M	11 L	11 M
12 F	12 S	12 Þ	12 F Öðruvísi hárdagur	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F Öpló hús	12 S Sjömannadagur	12 Þ
13 F	13 M	13 M Foreldrafundur yngri	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M	13 M
14 L	14 Þ	14 F Foreldrafundur eldri	14 S	14 Þ	14 F Vasaljósdagur	14 M	14 M	14 L Skrifdagur	14 L	14 Þ	14 F
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F Föstudagurinn langi	15 S	15 M	15 F
16 M	16 F Dagur ísl. Náttúru	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L
17 Þ	17 F Skipulagsdagur	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S Þeskadagur	17 Þ	17 F Lýðveldisdagur	17 S
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M Annar í þeskum	18 M	18 L	18 M
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ
20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S Konudagur	20 S	20 M	20 F Dóladagur	20 M	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F Bóndadagur	21 M	21 M	21 F Sumardagurinn fyrsti	21 L	21 Þ	21 F
22 S	22 M	22 F	22 M Jóladagur hest	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F Blómaball	22 S	22 M	22 F
23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F Þorláksmessa	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F Aðfangadagur	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L Jóladagur	25 Þ	25 F Nestisdagur	25 F	25 M	25 M Skipulagsdagur	25 L	25 M
26 F	26 S	26 Þ	26 F Skipulagsdagur	26 S Annar í jölum	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F Upselningindagur	26 S	26 Þ
27 F	27 M Bangsa og heilfandagur	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F Skipulagsdagur	27 M	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M Bolludagur	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F
29 S	29 M	29 F Hrekkjavaka / Búningadagur	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 L
31 Þ		31 S		31 F Gamliarsdagur	31 M	31 F	31 F		31 Þ		31 S

Skipulagsdagur

17. sep - Allan daginn
4. okt - Allan daginn
26.nóv - Allan daginn
7. feb - Allan daginn
25. maí - Allan daginn
27. maí - Allan daginn

Foreldrafundurir

13. okt - Foreldrafundur yngri barna
14. okt - Foreldrafundur eldri barna
Janúar - Fundur v. elstu barna í
Hamraskóla. Verður auglýst síðar

Foreldravíðtöl

Fálkalettur
4-8 okt. og 7-11 mars
Arnalettur
11-15 okt og 14-18 mars
Hrafnalettur
18-22 okt og 21-25 mars
Krikulettur
25-29 okt og 28-31 mars

Foreldravíðburðir

4. nóv - Ömmu og alfa kaffi
4. feb - Foreldrar í morgunmat
12. maí - Öpló hús
Maí - Áfangagleði elstu barna. Verður
auglýst síðar

Sérstakir dagar

10. sept - Höfuðfátadagur
27. okt - Bangsaball/Náttfátadagur
29. okt - Búningadagur
12. nóv - Öðruvísi hárdagur
10. des - Jólasveinahúfudagur
6. jan - Bretlándaball
14. jan - Vasaljósdagur
25. feb - Nestisdagur
3. mars - Öskudagsball
11. mar - Rugldagur
22. apr - Blómaball
20. maí - Dóladagur
1. jún - Afmælis/Sumar hátíð
3. jún - Sölgjaraugnadagur

11 Matsáætlun – gátlisti – 2021-2022

F = fastir liðir í árlegu mati leikskólans

U = matsþættir vegna umbótaáætlunar 2021-2022

Á = matsþættir vegna áherslna í starfi leikskólans 2021-2022

Tími	Matsþáttur	Gögn	Hverjir meta	Ábyrgð	ATH
Allur veturinn	Dagskipulagið á deildum og ýmis föst verkefni	Umræðumat á deildarfundum	Deildarstarfsmenn	Deildarstjóri	F
Ágú. - sep.	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	F
Sep.-nóv.	Þroskamat	TRAS	Deildarstjórar	Deildarstjóri	Á
Okt.-nóv.	Þróun í máli fjöltyngdra barna	Gefðu 10	Deildarstjórar og Sérkennslustjóri	Deildarstjóri	U
Janúar	Uppl. á heimasíðu	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Desember	Einstaklingsmarkmið	Skráning	Deildir	Deildarstjóri	U
Desember	Nú er úti veður Útikennsla	Skráning og stöðumat	Deildir	Deildarstjóri/ verkefnastjóri	Á
Janúar	Vináttuverkefni	Stöðumat og umræður	Deildir	Deildarstjóri	Á
Janúar	Heilsuefning	Stöðumat	Teymi	Teymisstjóri	Á
Janúar	Samstarf milli deilda	Skráning	Deildir Fk og Ak	Deildarstjóri	U
Janúar	Heimsóknadagar	Skráning	Deildir Hk og Kk	Deildarstjóri	U
Janúar	Þróun í máli fjöltyngdra barna	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri/ aðstoðarleikskólastjóri	Sérkennslustjóri/ aðstoðarleikskólastjóri	Á
Janúar	Lýðræði, þátttaka barna	Skráningar, umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjóri	Á
Jan.-feb	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	F
Mar.-apr.	Þjóðsagan	Stöðumat	Allir starfsmenn	Aðstoðar- leikskólastjóri	F
Mar.-apr.	Fræðslustarfsmappa v/þjóðsaga	Skráningar, umræðumat	Deildarstjórar	Aðstoðar- leikskólastjóri	F
Mar.-apr.	Þroskamat	TRAS	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Apr.-maí	Þróun í máli fjöltyngdra barna	Gefðu 10	Deildarstjórar og Sérkennslustjóri	Deildarstjórar	U
Maí	Þekkingarheimsóknir	Skráningar, umræðumat	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Maí	Þróun í máli fjöltyngdra barna	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Maí	Áætlun um málörvun og sérkennslu	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Maí	Heimsóknadagar	Skráning	Deildir	Deildarstjórar	U
Maí	Ferilmappa	Stöðumat, skráning	Deildir	Deildarstjórar	Á
Maí	Gefðu tíu	Skráning og umræður	Deildir	Deildarstjórar	Á
Maí	Einstaklingsmarkmið	Skráning	Deildir	Deildarstjórar	U
Maí	Lýðræði, þátttaka barna	Skráningar og umræðumat	Deildir	Deildarstjórar	Á
Maí	Vináttuverkefni	Stöðumat og umræður	Deildir	Deildarstjórar	Á
Maí	Nú er úti veður Útikennsla	Skráning og stöðumat	Deildir	Deildarstjóri/ Verkefnastjóri	Á
Maí	Heilsuefning	Stöðumat	Teymi	Leikskólastjóri / teymisstjóri	Á
Jún.-sep.	Þroskamat	Íslenski þroskalistinn	Mæður	Sérkennslustjóri	Á



12 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2021 – 2022 Leikskólinn Klettaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ásgeir Andri Guðmundsson

Sif Vilhjálmsdóttir

Sigríður Sigurjónsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.



Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun Leikskólans Klettaborgar fyrir veturinn 2021-2022 og staðfestir að hún uppfyllir þau skilyrði sem SFS setur.

Líkt og síðasta vetur setti COVID-19 svip sinn á skólastarfið á árinu og þ.m.t. innra mat skólans. Kom enn frekar í ljós í faraldrinum það mikilvæga hlutverk sem leikskólar hafa í samfélaginu þar sem starfsfólk leikskólana taldist til framlínu starfsmanna. Einnig skipti það börnin miklu máli að halda rútínu með því að mæta í leikskólann sinn og má leiða líkum að því að margir foreldrar, heimavinnandi sökum COVID-19 og aðrir, hafi eflaust upplifað mikilvægi leikskólans enn sterkar en áður. Röskun á starfi leikskólans snéri aðallega að samstarfi og nálægð við foreldra þar sem þeir þurftu að kveðja börn sín ýmist við útidyrhurðina eða í fataklefa. Foreldraviðtölum seinkaði sökum faraldursins en fóru fram símléiðis á vorönn. Þegar hömlum létti á vormánuðum voru foreldraviðtöl tekin í raunheimum. Faraldurinn hafði áhrif á samstarf Fálkakletts við Hamraskóla og frístund en í maí og júní náðust nokkrar heimsóknir til þeirra.

Upplýsingagjöf fór að mestu fram í tölvupósti, á heimasíðu Klettaborgar ásamt því að tilkynningar og listaverk eftir börnin voru sett í glugga aðalinngangs.

Ánægjulegt er að sjá að niðurstöður foreldrakönnunar og starfsmannakönnunar hafi komið vel út. Starfsfólk sinnir starfi sínu af alúð og leggur metnað sinn m.a. í fjölbreytt verkefni sem tengjast læsi ásamt því að vináttuverkefnið Blær skipar stóran sess. Einnig er spennandi að fylgjast með hvernig verkefnið „Nú er úti veður“ hefur þróast og tengist þjóðsöguverkefninu og stendur til að dýpka það enn frekar næsta vetur. Umbætur fyrir næsta ár munu einkennast m.a. af „Gefðu 10“ aðferðinni og að gefa börnum kost á að fara meira um leikskólann og kynna húsnaðinu og hvert öðru betur.

Framkvæmdir á útisvæði framan við leikskólann standa yfir og verður gleðilegt þegar þeim lýkur.

Það verður gaman að fá að koma aftur inn í leikskólann og taka þátt í viðtölum og öðrum viðburðum sem tengjast foreldrum/forráðamönnum og öðrum aðstandendum á komandi vetri.

F. h. Leikskólans Klettaborgar
30. Júní 2021

Júliana S. Hilmisdóttir





